


Nr.: VKL-204	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 13.04.2016	1. Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina	
Höf: FE		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 3		

1 Tilgangur

Þetta vinnuferli tryggir að skipulegar og samræmdar aðferðir séu notaðar við útskrift nemenda og gerð burtfararskírteina.

2 Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir alla útskrift skólans.

3 Hugtök


Skilgreiningar á hugtökum má finna í [INN-004](#).


4 Ábyrgð

- **Skólameistari** ber ábyrgð á framkvæmd á útskrift nemenda Tækniskólans.
- **Nemandinn** ber ábyrgð á að tilkynna sig til útskriftar á réttum tíma eða úrbótaprófa.
- **Áfangastjóri** staðfestir útskrift nemenda í Innu.
- **Skólastjórar** bera ábyrgð á yfirferð prófskírteina.


5 Framkvæmd

Vinnuferlinu er lýst í aðalatriðum í eftirfarandi flæðiriti:

Nr.: VKL-204	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 13.04.2016		
Höf: FE		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 3	<h2>1. Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina</h2>	



1. Útskriftarathöfn - undirbúningur. Sjá [GAT-046](#)
2. Nemandi skráir sig til útskriftar hjá viðkomandi skólastjóra fyrir auglýstan lokafrest. Skólastjóri merkir nemanda sem útskriftarefni í INNU.
3. Nemandi yfirfer námsferil sinn með skólastjóra sem skráir nemandann til útskriftar. Sjá nánar [VNL-204](#).
4. **Í lok fjórðu viku annar yfirfara skólastjórar útskriftarbrautir sinna nemenda í Innu og gengið er frá öllum útskriftarskírteinum.** Ef nemanda vantar áfanga til að útskrifast af braut, er t.d. að taka áfanga í öðrum skóla samhliða brautskráningarönn eða vantar námsmat, þá er vinnslustaða nemandans í INNU sett sem: „**Útskriftarefni í biðstöðu.**“ Sjá nánar [VNL-204](#).
5. Skólastjórar minna nemendur á **útskriftarhúfur** og það sem tengist útskrift þeirra.
6. Áfangastjóri staðfestir í **Innu** útskriftir þeirra nemenda sem eru í lagi. Skólastjórar yfirfara útskriftarbrautir sinna nemenda og gera ráðstafanir gagnvart þeim nemendum sem **ekki uppfylla skilyrði til útskriftar** m.a. vegna: falls, úrbótarprófa, einkunnabreytinga eða vegna vinnslustaðu „**Útskriftarefni í biðstöðu**“ sbr. lið 4. Sjá nánar [VNL-204](#) og [VNL-306b](#) skráning einkunna.

Nr.: VKL-204	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 13.04.2016	<h2>1. Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina</h2>	
Höf: FE		
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

7. Skrifstofa prentar út **skírteini** sem skólameistarar undirrita. Skrifstofan gengur frá þeim og flokkar eftir skólum (sjá nánar [VNL-204b](#) Útskrift nemenda_frágangur prófskírteina – Skrifstofa). Skólastjórar fara yfir útprentuð skírteini daginn fyrir útskrift. Skólastjórar tilnefna verðlaunahafa úr hverri grein í hópi útskriftarnemenda. **Skólameistarar** taka endanlega ákvörðun um verðlaunahafa og velja úr þeim hópi dúx skólans.
8. Skólastjórar undirbúa **sætaskipan** sinna nemenda og afhenda prófskírteini. Skólameistarar sjá um **setningu, ræðuhöld** og **verðlaunaafhendingu**.

6 Tilvísanir í skjöl

- [VNL-204](#) Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina - Vinnulýsing
- [VNL-204b](#) Útskrift nemenda_frágangur prófskírteina - Skrifstofa
- [VNL-306b](#) Skráning einkunna
- [GAT-046](#) Útskriftarathöfn (gátlisti)

7 Viðeigandi skrár

Gagnagrunnur skólans á **INNU**.